

Ingunnarskóli símalaus skóli

...griðarstaður í sítengdum heimi...



Reglur um farsíma og önnur snjalltæki í Ingunnarskóla.

Öll notkun farsíma/snjalltækja er óheimil í Ingunnarskóla, nema með sérstöku leyfi kennara.

Nemendur eru beðnir um að hafa slökkt á tækjunum og geyma þau í skólatöskunni, nema með sérstöku leyfi kennara.

Ef nemendur gleyma sér og eru í símanum á skólatíma fylgja starfsmenn skólans eftirfarandi vinnureglum:

- Starfsmenn biðja nemanda að afhenda farsíma/snjalltæki, verði hann uppvís að því að vera í tækinu án leyfis. Atvikið er skráð í Mentor.
- Nemendur fá símann/snjalltækið afhent í lok skóladagsins.
- Biðja nemanda að afhenda símann og sækja á skrifstofu í lok dags. Ef nemandinn vill ekki afhenda símann verður honum vísað á skrifstofu skólans og ræðir við skólastjórnendur og atvikið er skráð í Mentor. Nemendur eru hvattir til að leysa þetta strax með því að afhenda símann og sækja á skrifstofuna eftir að skóladegi lýkur.
- Neiti nemandi að afhenda stjórnanda símann hefur stjórnandinn samband við forráðamenn og óskar eftir aðkomu þeirra.

Þessar reglur gilda í Ingunnarskóla, á skólalóð og í sundrúttunni en ekki í félagsmiðstöðinni og á skólaskemmtunum.

Óskað er eftir samþykki forráðamanna með undirskrift í haustviðtölum.